

Alþingi
Erindi nr. P 138/2454
komudagur 19.5.2010

112
EINN EINN TVEIR

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. maí 2010.

EFNI: Umsögn Neyðarlínunnar ohf. um frumvarp til varnarmálalaga, þskj. 972.

Neyðarlínan ohf. hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og vill að í framhaldi af athugun á efni þess koma eftirgreindum sjónarmiðum á framfæri við virðulega utanríkismálanefnd:


1. Meginmarkmið frumvarpsins er að leggja niður sjálfstæða stofnun, Varnarmálastofnun, til að sjá um hernaðarlega hagsmuni Íslendinga þar sem hernaðarleg ógn blasir ekki við Íslendingum samkvæmt skýrslu áhættumatsnefndar ráðuneytisins. Mikilvægt er að endurmat á verkefnum taki mið af þeirri stöðu, þannig að draga megu úr kostnaði vegna þessarar starfsemi.
2. Neyðarlínan vill beina sjónum nefndarinnar að þeirri staðreynd, að á undangengum árum hefur verið komið upp mjög nánu og árangursríku samstarfi allra þeirra sem vinna að almannavörnum í víðtækasta skilningi í Skógarhlíð 14. Þar er neyðarsímþjónustan 112, miðstöðu öryggisfjarskipta lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita, stjórnstöð Slysavarnafélagsins Landsbjargar, stjórnstöð almannavarna, stjórnstöð Landhelgisgæslu, fjarskiptamiðstöð lögreglu og Vaktstöð siglinga. Milli allra þessara aðila er náið samstarf sem þráfaldlega hefur sýnt sig í því að tryggja hröð, fumlauus og samhæfð viðbrögð allra þeirra sem koma að leit, björgun og öðrum þáttum almannavarna. Stöðugt er unnið að því að gera þetta samstarf virkara og hagkvæmara. Þetta skipulag sem tryggt hefur náið samstarf með hinum ýmsum opinberu stofnunum sem að koma og þeim hundruðum sjálfboðaliða björgunarsveita innan Slysavarnarfélagsins Landsbjargar er öfundarefni meðal þeirra sem að koma hliðstæðri starfsemi í grannlöndunum, því hvergi hefur tekist að byggja upp viðlíka samþættingu milli jafn margra og um sumt ólíkra aðila.

3. Neyðarlínan vill ennfremur upplýsa að fyrirtækið hefur nýverið gert samning við Siglingamálastofnun um áframhaldandi rekstur á Vaktstöð siglinga. Hefur félagið fjárfest í nýjum búnaði í þágu þessarar mikilvægu starfsemi fyrir um 400 milljónir. Er augljóst að þeirri starfsemi verður ekki skákað suður á Keflavíkurflugvöll án þess að áðurgreindar skuldbindingar verði gerðar upp við Neyðarlínuna.

Með vísan til þeirrar góðu reynslu sem er af framangreindu skipulagi er varað mjög einarðlega við þeim hugmyndum, sem felast í frumvarpinu um að brjóta upp einstaka þætti þessa vel heppnaða samstarfs og flytja til Keflavíkurflugvallar. Neyðarlínan telur raunar einsýnt að slíkt skref væri til þess fallið að veikja viðbúnað á sviði öryggismála og auka kostnað, en á hvorugu er þörf. Engin úttekt eða haldbær rök styðja enda framkomnar tillögur í þessu efni, heldur sýnist markmiðið vera að draga að grunni Varnarmálastofnunar hluti úr starfsemi annarra stofnana til þess að gera úr heillega og rekstrarhæfa einingu. Hefur þess hvorki verið gætt að verkefnin ættu eðlilega saman né að flutningur þeirra úr núverandi umhverfi valdi ekki tjóni. Neyðarlínan varar því eindregið við þeim ákvæðum frumvarpsins sem stefna að því, að veikja viðbúnað og samstarf innan Björgunarmiðstöðvarinnar við Skógarhlíð.

Virðingarfyllst,

Neyðarlínan ehf.


Þórhallur Ólafsson,
frkvstj.